



Með þínu framlagi tryggir þú að barn, sem annars fengi ekki jólagjöf, fái gjöf sem færir því gleði, von og hinn raunverulega boðskap jólanna, kærleika Jesú Krists.



Jól í skólkassa

Fréttir og myndir af verkefninu má nálgast á:
www.skokassar.net



girl



- 2-4 years old
- 5-9 years old
- 10-14 years old
- 15-18 years old

boy



- 2-4 years old
- 5-9 years old
- 10-14 years old
- 15-18 years old



Hvað er Jól í skókassa?



„Jól í skókassa“ felst í því að fá börn jafnt sem fullorðna til þess að gleðja börn sem lifa við fátækt, sjúkdóma og erfiðleika með því að gefa þeim jólagjafir. Með slíkum gjöfum er þeim sýndur kærleikur Guðs í verki. Gjafirnar eru settar í skókassa og til þess að tryggja að öll börnin fái svipaða jólagjöf er mælst til þess að ákveðnir hlutir séu í hverjum kassa.

Hópur ungs fólks innan KFUM og KFUK hefur staðið að verkefninu á Íslandi frá árinu 2004. Á þeim tíma hafa safnast ríflega 24.000 gjafir sem sendar hafa verið til Úkraínu og dreift af KFUM þar í landi á munaðarleysingjaheimili, barnaspítala og til barna einstæðra mæðra sem búa við sára fátækt.

Athugið!

Ef þú vilt getur þú sett mynd af þér ásamt nafni og heimilisfangi og/ eða netfangi efst í skókassann. Það gefur viðtakanda skókassans möguleika á að setja sig í samband við þig. Þannig geta myndast vinatengsl sem varað geta lengi.

Aðalskipuleggjandi dreifingarinnar í Úkraínu er faðir Evheniy Zhabkovskiy sem komið hefur hingað til lands og m.a. kynnt sér starf KFUM og KFUK hér á landi.

Gjafir í skókassana

Í kassann skal setja a.m.k. einn hlut úr hverjum eftirtalinna flokka:

- Leikföng, t.d. litla bíla, bolta, dúkku, bangsa eða jó-jó. Athugið að láta auka rafhlöður fylgja rafknúnum leikföngum.
- Skóladót, t.d. penna, blýanta, yddara, strokleður, skrifbækur, liti, litabækur eða vasareikni.
- Hreinlætisvörur. Óskað er eftir því að allir láti tannbursta og tannkrem í kassann sinn. Einnig má setja sáputykki, greiðu, þvottapoka eða hárskraut.
- Sælgæti, t.d. sleikjói, brjóstsykur, pez, tyggjói eða karamellur.
- Föt, t.d. húfu, vettlinga, sokka, trefil, bol eða peysu.

Hvað má **EKKI** fara í skókassana?

- Mikið notaðir eða illa farnir hlutir.
- Matvara.
- Stríðsdót, t.d. leikfangabyssur, leikfangahermenn eða hnífar.
- Vökvar, t.d. sjampói, krem eða sápuvíkur.
- Lyf, t.d. vítamín, hálsbrjóstsykur eða smyrsl.
- Brothættir hlutir, t.d. speglar eða postulínsdúkkur.
- Spilastokkar. Þar sem spilastokkar eru tengdir fjárhættuspilum í Úkraínu, óskum við eftir að þeir séu ekki gefnir í skókassana.

Hvert á ég að skila skókassanum mínum?

Tekið verður á móti skókössum í húsi KFUM og KFUK við Holtaveg alla virka daga kl. 9:00 - 17:00.

Síðasti móttökudagur verkefnisins verður laugardaginn 12. nóvember kl. 11:00 - 16:00. Þann dag fer fram sérstök kynning á verkefninu, léttar veitingar verða í boði í kaffiteríunni og allir eru hjartanlega velkomnir. Þeim sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins er bent á að skókassar þurfa að hafa borist til Reykjavíkur fyrir 12. nóvember. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni www.skokassar.net eða í síma 588 8899.

Hvernig á að ganga frá skókassanum?

1. Finnið tóman skókassa og pakið honum inn í jólapappír. Athugið að pakka lokinu sérstaklega inn þannig að hægt sé að opna kassann. Hægt er að nálgast skókassa í skóbúðum og mælt er með að fólk tryggi sér kassa í tæka tíð.
2. Ákveðið hvort gjöfin sé ætluð fyrir stráka eða stelpu og fyrir hvaða aldur: (2-4), (5-9), (10-14) eða (15-18). Á baksíðu þessa bæklingis finnið þið tilbúinn merkimiða. Klippið miðann út, merkið á hann aldursflokk viðtakanda og límið ofan á skókassann.
3. Setjið 500-800 krónur í umslag og leggið efst í kassann. Peningurinn er fyrir kostnaði sem fylgir verkefninu.
4. Lokið kassanum með því að setja teygju utan um hann.